



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 56/2015

**Ákvörðun um sektir vegna vanrækslu Priksins
að fara að fyrirmælum Neytendastofu um verðmerkingar**

I.

Málsmeðferð

1.

Starfsmaður Neytendastofu kom á veitingastaðinn Prikið í júlímánuði 2015, í þeim tilgangi að skoða ástand verðmerkinga. Verðmerkingar voru skoðaðar með tilliti til ákvæða 17. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, sem kveða á um það að fyrirtækjum sem selja vöru eða þjónustu beri að verðmerkja vöru sína og þjónustu og sýna það á áberandi hátt á sölustaðnum, sem og ákvæða reglna nr. 537/2011, um verðupplýsingar við sölu á þjónustu. Samkvæmt reglunum ber veitingahúsum ávallt að hafa matseðil með verðskrá við inngöngudyr og skal í upplýsingum um drykkjarföng tilgreina magn.

Skoðun starfsmanns Neytendastofu leiddi í ljós að ekki var tilgreint magn í upplýsingum um drykkjarföng.

Starfsmaður veitingastaðarins kvittaði fyrir komu starfsmanns Neytendastofu og þær athugasemdir sem gerðar voru. Ekki voru gerðar athugasemdir af hálfu starfsmanns veitingastaðarins við niðurstöður skoðunarinnar. Í lok skoðunarinnar skildi starfsmaður Neytendastofu eftir bréf hjá fyrirtækinu þess efnis að skoðunin hefði farið fram og að Neytendastofa myndi senda fyrirtækinu bréf þar sem gerð yrði nánari grein fyrir ástandi verðmerkinga. Í bréfinu var jafnframt gerð grein fyrir þeim helstu ákvæðum laga og reglna sem um verðmerkingar gilda.

Með bréfi Neytendastofu til Priksins ehf., dags. 12. ágúst 2015, var greint frá niðurstöðum skoðunarinnar og gerð grein fyrir þeim ákvæðum sem í gildi eru um verðmerkingar. Þá var þeim eindregnu fyrirmælum beint til fyrirtækisins að koma verðmerkingum á veitingastaðnum í viðunandi horf. Í bréfi Neytendastofu kom fram að könnun stofnunarinnar yrði fylgt eftir með nýrri könnun og mætti fyrirtækið búast við því að tekin yrði ákvörðun um sektir, samkvæmt IX. kafla laga nr. 57/2005, yrði ekki farið að fyrirmælum stofnunarinnar um að koma verðmerkingum í rétt horf.



2.

Í septembermánuði 2015 var framkvæmd önnur skoðun hjá veitingastaðnum Prikinu. Leiddi sú skoðun í ljós að enn vantaði magnupplýsingar fyrir léttvínsglös, bjór- og gosdrykki í verðskrá. Starfsmaður veitingastaðarins kvittaði fyrir komu starfsmanns Neytendastofu og þær athugasemdir sem gerðar voru við ástand verðmerkinga.

Með bréfi Neytendastofu til Priksins ehf., dags. 8. október 2015, var fyrirtækinu gefinn tíu daga frestur til að koma að skýringum eða athugasemdum í málinu áður en tekin yrði ákvörðun á grundvelli IX. kafla laga nr. 57/2005.

Engar athugasemdir bárust Neytendastofu.

II.

Niðurstaða

Í máli þessu hefur Prikið ehf. ekki sinnt fyrirmælum Neytendastofu um að koma verðmerkingum á veitingastaðnum Prikinu í viðunandi horf innan tilskilins frests eftir skoðun Neytendastofu í júlímánuði 2015.

Ákvæði 17. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, er svohljóðandi:

„Fyrirtæki, sem selur vörur eða þjónustu til neytenda, skal merkja vöru sína og þjónustu með verði eða sýna það á svo áberandi hátt á sölustaðnum að auðvelt sé fyrir neytendur að sjá það. Neytendastofa getur sett nánari ákvæði um verðmerkingar með opinberri tilkynningu.“

Samkvæmt ákvæðinu ber söluaðilum ávallt að gefa upp verð á vörum og þjónustu. Á grundvelli heimildar ákvæðisins, sem og heimildar í ákvæði 18. gr. sömu laga, hefur Neytendastofa sett reglur nr. 537/2011, um verðupplýsingar við sölu á þjónustu.

Um verðmerkingar veitingahúsa segir í 5. mgr. 4. gr. reglnanna:

„Veitingahús skulu ávallt hafa matseðil með verðskrá við inngöngudyr. Í verðupplýsingum um drykkjarföng skal jafnframt tilgreina magnstærðir.“

Samkvæmt ákvæðinu ber Prikinu ehf. ávallt að tilgreina magnstærðir drykkjarfanga í verðupplýsingum.

Með því að tilgreina ekki magnstærðir hefur Prikið ehf. brotið gegn ákvæði 17. gr. laga nr. 57/2005, sem og ákvæði 5. mgr. 4. gr. reglna nr. 537/2011. Þá sinni fyrirtækið ekki



fyrirmælum Neytendastofu innan tilskilins frests eftir fyrri skoðun í júlímánuði um að koma verðmerkingum sínum í viðunandi horf og því þykir stofnuninni nauðsynlegt að beita þeim úrræðum sem lög nr. 57/2005 heimila.

Ákvæði 1. mgr. 22. gr. laga nr. 57/2005 segir:

„Neytendastofa getur lagt stjórnvaldssektir á fyrirtæki sem brjóta gegn:

[...]

b. stjórnvaldsreglum og ákvörðunum Neytendastofu gegn viðskiptaháttum sem brjóta í bága við ákvæði II.-VIII. kafla [...]

c. reglum og fyrirmælum Neytendastofu um ráðstafanir til að auðvelda viðskiptavinum að meta verð og gæði, sbr. 18. gr.“

Með vísan til alls framangreinds, sem og að teknu tilliti til jafnræðis- og meðalhófsreglu stjórnarsýslulaga og með hliðsjón af sektarákvörðunum í sambærilegum málum þykir Neytendastofu hæfilegt að leggja á Prikið ehf. stjórnvaldssekt að fjárhæð 50.000 kr. (fimmtíuþúsundkrónur). Sektina skal greiða í ríkissjóð eigi síðar en þremur mánuðum frá dagsetningu ákvörðunar þessarar.

III.

Ákvörðunarorð:

„Prikið ehf., Bankastræti 12, Reykjavík, hefur brotið gegn ákvæði 17. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, sem og ákvæði 5. mgr. 4. gr. reglna nr. 537/2011, um verðupplýsingar við sölu á þjónustu, með því að tilgreina ekki magnstærð drykkjarfanga með verðupplýsingum.

Með heimild í b. og c. lið 1. mgr. 22. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, leggur Neytendastofa stjórnvaldssekt á Prikið ehf. að fjárhæð kr. 50.000 (fimmtíuþúsundkrónur). Sektina skal greiða í ríkissjóð eigi síðar en þremur mánuðum frá dagsetningu ákvörðunar þessarar.“

Neytendastofa, 9. desember 2015

Tryggvi Axelsson
Forstjóri

Þórunn Anna Árnadóttir